

Ed.

49. Frumvarp

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsmenn: Halldór Stefánsson og Árni Jónsson.

1. gr.

Á eftir 2. gr. D. 4. komi nýr töluliður, er verður 5. töluliður, svo
hljóðandi:

5. Upphjeraðsvegur frá Lagafljótsbrú norðan fljóts að Brekku í Fljótsdal.

Greinargerð.

Fá eða engin af hinum stærri og fjölbygðari hjeruðum landsins munu hafa orðið jafnaugljóst útundan um vegagerð á kostnað rikissjóðs og Fljótsdalsbjerað. Með vegalögum, sem samþykkt voru á síðasta þingi, var lagður nýr grundvöllur í vegamálum, þar sem taldar eru til þjóðvega flestar alfara leiðir um landið ásamt vegum í helstu kaupstaði og kaupþúni, en slept vegum og leiðum, sem eru eindregið innansveitar. Nú hafa komið fram frumvörp, þar sem farið er fram á að taka slíka vegi inn í þjóðvegakerfið, og verður þá eigi — ef þau frv. ná samþykki — komist hjá að taka þennan vegkafla, sem í þessu frv. er nefndur, einnig í tölu þjóðvega, til þess að gætt sje samræmis og rjettlætis milli hinna einstöku hjeraða.